

Aðalfundur foreldrafélags Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrar, haldinn á Rauða Húsinu Eyrarbakka þann 3. 10. '12. kl 20:00

Dagskrá fundar var svohljóðandi:

Venjuleg aðalfundastörf, skýrsla formanns lögð fram.

Fram kom að stjórnarfundir voru sjö á skólaárinu.

Ýmis málefni voru styrkt og má þar nefna ferð barna í Alviðru, ferð elstu nemenda á Alþingi, Andri Snær kom og hélt fyrirlestur.

Einnig stóð stjórnin fyrir leikhúsferð, tveimur kaffihúsakvöldum og jólaföndri.

Jólaföndur í ár verður með öðru sniði en vanalega. Ákveðið var að fara í að gera jól í skókassa og gefa þar með nemendum tækifæri til að gefa öðrum börnum gjafir.

Ákveðið var að jólaföndur færi fram þann 1. nóv. 2012, í skólanum á Stokkseyri á milli kl 17 og 19. Foreldrafélagið mun borga sendingarkostnað við pakkana.

Foreldrar ræddu um áhyggjur sínar af orðbragði og líðan barna almennt í skólanum.

Hugmynd um að halda bekkjarfundir sem fyrsta skref til að taka á þessum málum.

Einnig kom upp sú hugmynd að fá Pál Óskar til að halda fyrirlestur fyrir krakkana með það fyrir augum að auka skilning þeirra á orðum sínum og gjörðum.

Valgreiðsluseðlar verða sendir út vegna foreldrafélagsins í ár, kostnaði verður haldið í lágmarki.

Skólapeysur verða í boði í ár sem og fyrri ár og verður gefinn kostur á mátun og pöntunum sem auglýst verður í fréttabréfi síðar.

Stefnt að því að út komi fréttabréf með ákveðnu millibili, og hefur eitt nú þegar komið út. Mikilli ánægju lýst með það á fundinum.

160 ára afmæli skólans rætt. Greinilegt að margir foreldrar hafa góðar hugmyndir um hvað hægt er að gera í tilefni af afmælinu.

Tveir stjórnarmeðlimir ganga úr stjórn, Rósa Birgisdóttir ritari og varaformaður og Sveinn Ásgeir varamaður.

Ný stjórn kosin;

Ingólfur heldur áfram sem formaður.

Íris tekur við ritara og varaformannsstöðu.

Ragnheiður heldur áfram sem gjaldkeri.

Lóa og Jessica stjórnarmenn.

Fríða verður varamaður (kemur ný í stað Sveins).

Ný inn í stjórn er Sandra og er hún boðin velkomin.

Fundi slitið kl 21:20.